



Leiðsöguhundar fyrir blinda og sjónskerta



BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blinda og sjónskertra á Íslandi

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • heimasíða: www.blind.is



Leiðsöguhundur – leið til aukins sjálfstæðis

Blindrafélagið beitir sér fyrir því að tryggja félagsmönnum sínum aðgang að þjálfuðum leiðsöguhundum. Leiðsöguhundar eru gríðarlega öflugt hjálpartæki fyrir blint og alvarlega sjónskert fólk og veita þeir notendum mikið frelsi og aukið öryggi. Notandi leiðsöguhunds öðlast frelsi til þess að komast um í umhverfi sínu, innan dyra sem utan. Hundarnir leiða notendur sína framhjá hindrunum sem í vegi þeirra verða og þeir gæta þess að notandinn fái ekki trjágreinar í andlitið þar sem þær slúta yfir gangstéttir. Þeir finna auð sæti fyrir notendur sína þar sem það á við og þeir eru þjálfaðir til þess að finna ýmsa hluti svo sem lykla eða hanska sem notendur missa á ferðum sínum með hundinum. Leiðsöguhundar eru ekki síður góðir félagar og mörg dæmi eru um að þeir hafi rofið félagslega einangrun notenda sinna og stuðlað að virkari þátttöku þeirra í samfélaginu.

Þjálfun leiðsöguhunda er afar sérhæfð og krefst ákveðinna aðstæðna. Erfitt er að byggja upp þá umfangsmiklu aðstöðu og sérþekkingu sem þarf fyrir jafn fámennt samfélag og hér á Íslandi. Því tók stjórn Blindrafélagsins þá ákvörðun að leita eftir samstarfi við norsku blindrasamtökin sem hafa rekið þjálfunarskóla fyrir leiðsöguhunda í rúm 30 ár. Blindrafélagini er mikið kappsmál að standa vel að þessu verkefni og það hefur reynst mikilvægt að geta leitað til þeirra sem reynslu hafa og þekkingu á þessum málum þegar stigin eru fyrstu skrefin í uppbyggingu á þjónustu við leiðsöguhunda og notendur þeirra. Blindrafélagið gerir sér vonir um að leiðsöguhundar fyrir blint og alvarlega sjónskert fólk muni verða fleiri á næstu árum og að landsmenn taki þessari nýbreytni í samfélaginu vinsamlega.



Að velja og þjálfa saman hund og notanda

Áður en félagsmenn fá úthlutað leiðsöguhundi þurfa þeir að taka þátt í námskeiði um notkun hundsins. Vorið 2007 fór hópur félagsmanna til þess að taka þátt í fornámskeiði á vegum Leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna ásamt ráðgjafa félagsins, íslenskum hundaþjálfsara og kvíkmyndatökumanni. Markmiðið með námskeiðinu var að fá sem besta mynd af því hvaða væntingar umsækjendur hafa til hundsins og hvaða eiginleikum hundurinn skal vera búin til þess að hundur og maður vinni sem best saman. Um leið og leiðsöguhundur veitir eiganda sínum ólysanlegt frelsi og öryggi þá krefst notkun leiðsöguhunds mikillar vinnu og samviskusemi. Það þarf að viðhalda þjálfun hans með daglegum gönguferðum ásamt því að sinna þrifnaði hundsins og reglulegu heilbrigðiseftirliti. Á fornámskeiðinu er að mörgu að hyggja, þjálfarar skólans þurfa að kynnast umsækjendum persónulega. Kanna þarf aðstæður þeirra og persónuleika ásamt gönguhraða hvers og eins, raddblæ og sjálfsöryggi í umferli. Þetta er mikilvægt til þess að hægt sé að velja hund sem hentar hverjum fyrir sig þar sem allir hafa misjafnar þarfir frá degi til dags og misjafnar aðstæður. Eftir fornámskeiðið sem stendur í þrjá daga meta þjálfarar skólans hvers konar hundur hentar hverjum og einum umsækjenda og þegar réttur hundur hefur verið fundinn hefst 6-8 mánaða þjálfunarferli þar sem þjálfun hundsins er sérstaklega miðuð við þarfir og lífsmunstur væntanlegs notanda.

3



Frá litlum hvolpi til dugmikils leiðsöguhunds

Ræktun

Leiðsöguhundaskóli norsku
blindrasamtakanna starfrækir eigin
hundarækt. Þannig fá þeir fram þá eiginleika sem góðir
leiðsöguhundar fyrir blint og alvarlega sjónskert fólk þurfa að hafa til að bera.

Fosturfjölskylda

Átta vikna gamli flytja hvolparnir frá Leiðsöguhundaskólanum til fosturfjölskyldna,
þar þar sem þeir búa fyrsta árið. Á þessu fyrsta ári koma fjölskyldurnar reglulega í
leiðsöguhundaskólann með hvolpana og fá þar aðstoð og góðar leiðbeiningar um
hundahald.

Prófun


Þegar hundarnir eru orðnir hálfus annars árs er kominn tími til að kanna hvort
þeir séu efni í leiðsöguhunda fyrir blint og alvarlega sjónskert fólk. Líkamlegir og
andlegir eiginleikar hundanna eru prófaðir af leiðsöguhundabjálfsara í samstarfi við
dýralækna.

Þjálfunarferlið

Næstu 6-8 mánuði er ströng þjálfun á dagskrá. Hundinum er þá kennt að þegar
hann er með leiðsöguhundabeislið á sér er hann tveir metrar á hæð og tveir metrar
á breidd. Þetta tryggir að hinn sjónskerti geti á öruggan hátt gengið framhjá
hindrunum og forðast hættur.

Fornámskeið

Umsækjendur leiðsöguhunda taka þátt í þriggja daga fornámskeiði. Þar fá þeir
greinargóðar upplýsingar um leiðsöguhunda, þjálfunarferlið og umhirðu hundanna.
Þá er farið vel í gegnum kosti þess og galla að hafa leiðsöguhund og þá vinnu sem
það krefst. Þegar um er að ræða að þjálfa leiðsöguhund til að senda til Íslands getur
þetta samval tekið langan tíma. Þá eru fleiri hundar þjálfaðir samtímis en mislangan
tíma getur tekið að finna hund sem hentar fyrir hvern og einn notanda.



Sambjálfun

Sambjálfun leiðsöguhunds og notanda fer fram á Íslandi undir leiðsögn þjálfara frá Leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna. Sambjálfun hunds og notanda (hér eftir kallað teymi) tekur um fjórar vikur. Meðan á sambjálfun stendur þarf teymið að læra að ferðast um í borg þar sem umferðaþungi er mikill jafnt sem á fáfarnari vegum í dreifbýli. Þjálfunin tekur til allra þátta í sambúð teymisins, bæði hvað varðar þrifnað og umönnun hundsins sem og viðhaldi á þjálfun hans með reglulegum gönguferðum og hlýðnisæfingum. Notandi og þjálfari koma sér saman um það í upphafi hvaða gönguleiðir eigi að leggja mesta áherslu á að læra. Slíkar leiðir gætu til dæmis verið til vinnu, út í verslunarmiðstöð, að strætisvagnabiðstöð eða á líkamsræktarstöð. Eftir að útskrift af sambjálfunarnámskeiði líkur er gert ráð fyrir að þeim leiðum sem teymið lærir að rata fjölgri síðan smám saman. Ekki er þó talið að teymið sé fullþjálfarð fyrr en að loknu einu samstarfsári.

Starfsævin

Starfsævi leiðsöguhunda er um 8-9 ár. Alla starfsævina nýtur teymið aðstoðar Leiðsöguhundaskólans og leiðsöguhundabjálfara í tengslum við hann en fyrstu fjögur árin eftir útskrift mun Leiðsöguhundaskóli norsku blindrasamtakanna sjá um árlega viðhaldsþjálfun teymanna á Íslandi. Blindrafélagið hefur komið á samstarfi við leiðsöguhundabjálfara á Íslandi sem mun vera milligönguaðili milli notenda og Leiðsöguhundaskólans en mun einnig aðstoða notendur ef einhver vandamál koma upp.



5



Leiðsöguhundar og réttindi þeirra!

Reglur um hundahald er að finna í reglugerð um hollustuhætti 941/2002. Í nítjándu grein reglugerðarinnar segir svo: „Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3. Heimilt er þó fötluðu fólk að hafa mér sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi og samkomuhús, enda sé hinum fatlaða ótvírað nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir honum í samræmi við ákvæði í samþykktum einstakra sveitarfélaga. Heilbrigðisnefnd er heimilt, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda hunda, ketti og önnur gæladýr á heilbrigðis- og meðferðastofnunum.“

Blindrafélagið mun gefa út sérstök skírteini til notenda leiðsöguhunda í samstarfi við Heilbrigðisnefnd og viðeigandi sveitarfélög. Skírteinum þessum geta notendur framvísað þegar á þarf að halda. Það er von Blindrafélagsins að stjórnendur viðkomandi stofnana og fyrirtækja taki notendum leiðsöguhunda vel og veiti þeim lögmætan rétt sinn þegar þar að kemur.



Ég er sérstaklega þjálfaður til þess að liggja rólegur við fætur notanda míns á veitingastöðum og láta lítið fyrir mér fara.



Ég læt ekki hávaða í umhverfinu og önnur dýr sem á vegi mínum verða trufla mig í starfi.



Í almenningsfarartækjum finn ég laust sæti fyrir notanda minn, leggst síðan rólegur við fætur hans þar til ferðinni líkur



Ég er líka sérstaklega þjálfaður í því að láta þig ekki fara í taugarnar á mér.....

Hverju hefur það breytt í lífi mínu að fá leiðsöguhund?

**Helena
Björnsdóttir**

Samstarf okkar Fönix hófst í apríl 2006. Samband okkar hefur vaxið og dafnað á þessum tíma og í dag erum við

mjög nán og samstarfið virkilega gott. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér hve mikil leiðsöguhundur gæti breytt lífi mínu. Í stað þess að þurfa að planleggja ferðir með fyrirvara og jafnvel útvega fylgdarmann get ég nú ákveðið fyrirvaralitið að skreppa í bústaðinn, til vina, í bankann, á fund eða gönguferð. Við ferðumst mikil með almenningssamgöngum og er Fönix duglegur að finna fyrir mig dyr strætisvagnsins og laust sæti þegar inn er komið. Hann leiðir mig tryggt og örugglega framhjá öllum hindrunum er á vegi okkar verða og gerir það að verkum að ég get gengið afslappað og hraðar en með hvítan stafnum. Veður og færð hafa þar lítil áhrif á. Liðnir eru þeir dagar þar sem ég hef orðið að sitja inni vegna ófærðar sem gert hefur öll kennileiti illþekkjanleg með hvítan stafnum. Það sjálfstæði og frelsi sem Fönix veitir mér gefur lífinu gildi og gerir mér kleift að lifa því á þann hátt sem ég sjálf kýs. Það er vitanlega vinna bundin því að hafa leiðsöguhund, en kostirnir vega svo miklum mun meira en einhverjir ókostir. Í dag gæti ég ekki hugsað mér lífið án leiðsöguhunds.



**Derek
Vaughn**

Það erfiðasta sem ég upplifði eftir að ég missti sjónina var að missa sjálfstæðið.



Við allar athafnir daglegs lífs var ég háður öðru fólk, allt sem ég þurfti að fara var háð því að einhver gæti fylgt mér frá einum stað til annars. Þegar ég fékk minn fyrsta leiðsöguhund opnaðist fyrir mér nýr heimur og ég gekk óhræddur um göturnar með Alf mér við hlið. Þetta aukna sjálfstæði varð til þess að ég fór að skipuleggja framtíðina án sjónarinnar. Ég ákvað að læra meira og innritaðist í háskóla sem var í 17 kílómetra fjarlægð frá heimili mínu. Það kom í ljós að það var ekki vandamál að komast í skólann daglega með hjálp leiðsöguhundsins Alf. Hann varð fljótlega góður kunningi allra nemenda háskólands og hjálpaði mér þannig til þess að kynnast fólk i auk þess að sjá til þess að ég kæmist daglega í skólann og yfirleitt allra minna ferða. Nú er tími Alfs liðinn og Miller er nýi leiðsöguhundurinn minn. Eftir aðeins nokkra mánaða samvinnu hefur hann margssannað ágæti sitt. Síðastliðinn vetur var snjóþungur og færðin erfið hér á Akureyri en það aftraði okkur Miller ekki frá daglegum gönguferðum. Að fá leiðsöguhund hefur orðið til þess að efla sjálfstæði mitt og auka mér kjark á allan hátt.

Hverju mun það breytta í lífi mínu að fá leiðsöguhund?

Lilja Sveinsdóttir

Eftir langa umhugsun tók ég ákvörðun um að fá mér leiðsöguhund. Undirbúningur hefur staðið hátt í tvö ár en nú er biðin senn á enda. Ég mun hafa félaga allan daginn sem leiðir mig fram hjá hindrunum og stuðlar að aukinni hreyfingu sem hefur verið af skornum skammti. Ég vænti þess að heilsan verði betri og einangrunin minni. Ég trúí því að ég öðlist meira sjálfstraust í öllu umferli og verði næstum frjáls eins og fuglinn. Leiðsöguhundurinn mun létta ábyrgð af fjölskyldunni og ég mun geta farið út og sinnt mínum erindum hvenær sem er og á þeim tíma sem mér hentar óháð fjölskyldunni. Bara ég og fjórfætti félaginn minn.



Guðlaug Erlendsdóttir

Ég bíð spennt eftir að fá leiðsöguhund. Ég veit að hann mun veita mér mikil frelsi og tækifæri til þess að komast óhindruð um. Ég er vön hundum, var alin upp í sveit svo ég geri mér grein fyrir því að það fylgir því mikil vinna að hafa hund. Þá vinnu mun ég fá endurgreidda margfalt í formi aukins sjálfstæðis og góðs félaga.



Friðgeir Jóhansson

Ég fékk leiðsöguhund fljótlega eftir að ég missti sjónina svo ég þekki það ekki að vera án hans. Væntingar mínar eru því svoltíð öðruvísi en hinna sem ekki hafa þessa reynslu. Væntingar mínar til nýja hundsins eru þó á margan hátt aðrar en áður og ég vænti þess að læra betur að nota hundinn í margmenni og í samgöngutækjum eins og strætó. Það mun vissulega auka frelsi mitt til mikilla muna. Ég tel mig líka betur undirbúinn núna til þess að fá leiðsöguhund þar sem ég er fróðari um sjálfan mig og lífið án sjónarinnar og þekki betur þarfir hundsins.



Alexander Hrafinkelsson

Hundurinn kemur til með að hjálpa mér að vera öruggur í umhverfinu og tapi ég meiri sjón þá verð ég betur undirbúinn að aðlagast umhverfi mínu með hundinn mér við hlið.





Leiðsöguhundar – hjálpartæki sem þarf að hugsa vel um

Þetta er eitt af þeim atriðum sem lögð er á hersla á í samþjálfun hunds og manns. Á samþjálfunarnámskeiðinu er notandanum kennt að nauðsynlegt er að hafa stað rétt við heimilið þar sem hægt er að viðra hundinn áður en lagt er af stað í gönguferð. Þannig er hundurinn búinn að gera þarfir sínar áður en sett er á hann beislið. Leiðsöguhundum er kennt að gera ekki þarfir sínar á meðan þeir eru í beisli svo að hættan á að það verði slys er ekki mikil.

Ef framundan er langur vinnudagur með hundinum eða löng kyrrseta á fundum verður að gæta þess að viðra hundinn eftir ákveðinn tíma og helst á fyrirfram ákveðnum stað. Gott er að hafa í huga að hundurinn fái alltaf mat á sama tíma dags og að hann sé alltaf mettur þegar lagt er af stað í einhverjum erindagjörðum. Ekki er hægt að ætlast til þess að svangur hundur geti einbeitt sér í starfi innan um sælgætisumbúðir og matarleifar sem oft eru á götunni. Ef hundinum líður vel sinnir hann starfi sínu vel.



Hafið í huga!

- 🐾 Ekki tala við leiðsöguhundinn án samþykkis notanda hans.
- 🐾 Ekki klappa leiðsöguhundum
- 🐾 Ekki gefa leiðsöguhundum bita
- 🐾 Ef þú vilt aðstoða manneskju sem er með leiðsöguhund, skaltu spyrja fyrst
„get ég aðstoðað þig?“

Ef boð þitt er þegið þá býður þú vinstri olnboga þinn.
Ekki grípa í hundinn og ekki grípa í handlegg eigandans.
Ef þú gerir það getur þú stofnað þeim í hættu.



Ekki trufla



Ég er að vinna

Útgefandi: Blindrafélagið
Hönnun, umbrot og prentun:
Oddi ehf. / P08.01432

Ljósmyndir:
Thomas Barstad Eckhoff / Reynir Þór Finnboðason

